

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu- og vesturamtinu um skipting á Holtamannahreppi í 2 hreppsþjelög. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 28. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Holtamannahreppi, þar sem hún fer þess á leit, að hreppi þessum verði skipt í tvö hreppsþjelög, ásamt ýmsum fylgiskjölum, þar á meðal skýrslu um lausafjárúnd og útsvör síðastliðin 5 fardagaár, svo og um býli og búendur í hinum fyrirhuguðu hreppum, og hefur bæði sýslunefndin í Rangárvallasýslu og sýslumaðurinn mælt eindregið fram með, að jeg samþykki hina umbeðnu hreppa-skipting eins og hreppsnefndin hefur stungið upp á henni, og þjer einnig lagt það til, að skiptingin fái framgang. Fyrir því skal hjer með samkvæmt 23. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Holtamannahreppi í Rangárvallasýslu skal skipt í tvo hreppa, þannig að Efri-Holtaprestakall verði hreppur útaf fyrir sig, sem sjerstök þinghá með þingstað að Marteinstangu og nefnist Holtahreppur, en Kálfholtsprestakall með Oddasókn utan Rangár hreppur fyrir sig sem sjerstök þinghá með þingstað að Ási, og nefnist Áshreppur.

2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Holtamannahrepps, þeim sem verða, þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna nýju hreppa að tiltölu við hina samanlögðu tölu lausafjórðunda og sveitarútsvara hin síðastliðnu 5 fardagaár, eins og þau hafa verið í hvorum hluta hins sameinaða hrepps, sem nú eiga að verða hreppar útaf fyrir sig, og eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum, sem síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefur átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkv. 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar á eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur útaf skiptingunni, skal skorið úr honum af sýslunefndinni, sem einnig ákveður um fjallskil hreppanna og afrjettir.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um aðflutningsgjald af kola. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 2. þ. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að með síðustu ferð gufuskipins »Laura« hafi verið sendar hjedan til útlanda nokkrar tunnur af söltuðum kola, og hafi þessi fiskitegund eigi, svo yður sje kunnugt, áður verið útflutt hjedan af landi eða útflutningsgjald verið tekið af henni samkv. lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi. Með því að yður þykir vafasamt, hvort rjett sje að heimta útflutningsgjald af ofangreindri fiskitegund, hafið þjer beiðst úrskurðar míns þar að lútandi, og jafnframt tekið fram, að þar sem talað sje um fisk í 2. gr. hinna tilvitnuðu